

Akranes 18. 11. 2004.


Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Með bréfi dagsettu 21. október sl. fór allsherjarnefnd Alþingis fram á umsögn Sýslumannafélags Íslands um frumvarp til laga um fórnarlamba- og vitnavernd, mál nr. 13.

Stjórn félagsins fjallaði um frumvarpið á fundi 12. nóvember síðastliðinn. Niðurstaðan varð sú að gera eftirgreindar athugasemdir við frumvarpið.

1. Vísa beri frumvarpinu til réttarfarsnefndar til umfjöllunar.
2. Efni frumvarpsins eigi að fella undir lög um útlendinga og lög um atvinnuréttindi útlendinga þar sem efni þess er nátengt þeim lögum auk þess sem aðlögun gildandi lagaákvæða að efni frumvarpsins verði þar með tryggð. Frumvarpið tekur einungis til útlendinga sbr. 2. gr. frumvarpisins.
3. Lagasetning um fórnalamba og vitnavernd er af hinu góða en á skjön við jafnræðissjónarmið að gera þolendum tiltekinnar brotastarfsemi hærra undir höfði en öðrum þolendum alþjóðlegrar glæpastarfsemi.

F.h. Sýslumannafélags Íslands,



Ólafur P. Hauksson.